
Röndin Kópaskeri, fiskeldi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 15. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fiskeldi Austfjarða um fyrirhugað fiskeldi á Röndinni á Kópaskeri, Norðurþingi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Norðurþing - Röndin Kópaskeri - Fiskeldi. Fyrirspurn um matsskyldu. Landslag, unnið fyrir Fiskeldi Austfjarða, júní 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Norðurþingi, með bréfi dags. 1. júlí 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 14. ágúst 2020.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 13. júlí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 28. júlí 2020.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 1. júlí 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. ágúst 2020.
- Orkustofnun með bréfi dags. 22. júlí 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. ágúst 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum dags. 6. júlí, 4. og 10. ágúst 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Framkvæmdalýsing

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð fiskeldisstöð verði staðsett á flatlendum, hálfgrónum mel og malarkambi norðanmegin við ósa Snartarstaðalækjar, sunnan þéttbýlisins á Kópaskeri. Gert er ráð fyrir að framleiða allt að 2.000 tonn af laxaseiðum af Saga stofni á ári en hámarkslífmassi í stöðinni fari ekki yfir 400 tonn. Áformað er að byggja 8 eldisker sem verða á yfirbyggðum palli. Yfirbygging verður tæplega 10 m hús eða skýli. Auk þess er gert ráð fyrir allt að 300 m² þjónustuhúsi, tveimur 6 m háum fóðursílóum og 4,5 m háum seyrtanki. Gert er ráð fyrir að byggja upp núverandi veg á um 200 m kafla.

Seiði verða flutt með tankbíl frá seiðaeldisstöð á Rifósi til fyrirhugaðrar eldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri þegar þau eru orðin 70 gr. og tilbúin fyrir sjógöngufasa. Í fiskeldisstöðinni verða seiðin alinn upp í volgum jarðsjó sem dælt verður upp úr borholum. Frá fiskeldisstöðinni verður stórseiðum dælt yfir í brunnbát sem leggst við akkeri innan hafnarsvæðis. Dæling verður um 315 mm plastlögn sem verður dregin út í tankskip. Rörið mun liggja yfir buktina við höfnina og þaðan tekin um borð í skipið.

Að lokinni dælingu, sem tekur um 6 klukkustundir, verður rörið dregið inn aftur og geymt á lóð fiskeldisstöðvar. Þaðan eru seiði flutt út í sjókvíar við Berufjörð og Fáskrúðsfjörð.

Vatnstaka

Fram kemur í framlögðum gögnum að gert sé ráð fyrir að bora 8 holur til þess að afla jarðsjávar sem verða staðsettar innan lóðar fiskeldisstöðvarinnar vestast við lóðarmörk. Borholurnar verða 50 cm sverar og um 50- 90 m djúpar og frá þeim verða veitulagnir að kerapalli. Vatnstaka úr borholum verður um 200 l/sek. að ársmeðaltali.



Mynd 1. Fjólublá lína sýnir staðsetningu borhola. Deiliskipulag. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila)

Fráveita

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að um 200 tonn af úrgangi (í föstu formi) falli til vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar árlega. Megnið af úrganginum mun síast frá í tromlufilterum og hann settur í seyrutanka innan lóðar sem verða tæmdir og seyran þurrkuð og mögulega nýtt til uppgræðslu í sveitarfélaginu eða sem áburður, en útfærsla þess hefur þó ekki verið endanlega ákveðin.

Fram kemur að um 60 tonn af uppleystum lífrænum efnum berist út í frárennslíð í uppleystu formi en frárennslíð verði leitt í niðurgarfinni, 150 cm sverri frárennslilögn og stökk allt að 5 metra út fyrir stórstraumsfjöru eða 20 m út frá stórstraumsfjörumörkum. Þar er komið út í strandstrauminn sem er öflugur viðtaki. Gert er ráð fyrir að reisa hreinsivirki vegna fráveitu frá þjónustuhúsi en frárennslí frá salernum, handlaugum og gólfum hússins verður veitt í hreinsivirkið sem gert er ráð fyrir að verði staðsett sunnan byggingarreits þjónustuhúss.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fiskeldis Austfjarða og umsögnum umsagnaraðila.

Heilbrigði fiska

Í framlögðum gögnum kemur fram að þar sem um sé að ræða fiskeldi á landi séu sníkjudýr og sjúkdómar ekki til staðar í fiskeldinu.

Matvælastofnun bendir á að staðhæfing framkvæmdaraðila í greinargerð um sníkjudýr og sjúkdóma er röng m.t.t. heilbrigði laxfiska og eldisaðstæðna á landi. Landeldi verður aldrei rekið án aðkomu örvera, þá helst ýmiskonar baktería en sníkjudýr og veirur geta einnig komið við sögu. Bakteríusýkingar eru vel þekktar í landeldi laxfiska og í eldi stórseiða er nauðsynlegt að hafa öflugar forvarnir á borð við bólusetningar. Í dag eru hvergi alin laxaseiði í sjó nema þau séu bólusett fyrir flutning úr ferskvatni í sjó. Matvælastofnun telur nauðsynlegt að gera heilbrigðismálum og tengdum forvörnum betri skil ásamt því að upplýsa um aðferð við hreinsun á sjálfdaudum seiðum úr kerum og meðhöndlun dauðfisks. Matvælastofnun telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sjúkdómavarnir móti bakteríum og örverum felist m.a. í því að allur fiskur verði bólusettur 6 vikum áður en hann kemur í stöðina með 5 þátta bóluefni. Í flestum tilvikum dugar þessi bólusetning á móti gram-negatívum bakteríum. Í landeldi þar sem seiði eru sett yfir í 7 gráðu heitan sjó eins og í Þorlákshöfn verða oft vandræði með gram negatívar umhverfis bakteríur sem komast oft að fiskinum í gegnum uggarot og ófullkomna smoltun. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið hafi verið á vandamálum sem hafa verið viðloðandi í fóðrun þannig að uggarot er mikið til horfið. Ófullkomin smoltun sé einnig mikið tengd fóðrun og fóðurdreifingu, þar sem smoltun er framkvæmd með saltfóðri í kerfum framkvæmdaraðila í dag. Þá kemur fram að að vetrarsár og vandræði tengd smoltun hverfi í þessu kerfi þar sem fiskurinn er færður úr 12 gráðu ferskvatni yfir í 12-14 gráðu heitan sjó en það sé kjörhiti til smoltunar og osmosujafnvægis hjá laxfiski við yfirgang frá ferskvatni yfir í sjó. Gert er ráð fyrir geislabúnaði fyrir inntaksvatn í fiskeldisstöðinni og á geislun að koma í veg fyrir BDK (bakterial kidney disease).

Fram kemur að dauður fiskur verður fjarlægður tvisvar sinnum á dag. Í kerunum er sístreymi frá miðju sem sýgur upp dauðan fisk sem er komið fyrir í dauðfiskkerfum, malaður upp og settur í maurasýru. Sambærilegt kerfi er í notkun hjá fiskeldisstöðvunum Íspóri og á Rifósi.

Jarðmyndanir og vernd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á flatlendum mel og malarkambi norðanmegin við ósa Snartarstaðalækjar og hafi svæðinu þegar verið raskað að hluta, en þar var áður fiskeldisstöð. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis á náttúruminjaskrá vegna jarðmyndana en merkustu jarðmyndanirnar, jökulruðningur og sjávarbakki, eru utan lóðar og verða ekki fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er ekki tekið undir mat framkvæmdaraðila um óveruleg áhrif framkvæmdar á svæði á náttúruminjaskrá þar sem fyrirhuguð lóðamörk framkvæmdarinnar eru innan afmarkaðs svæðis skráarinnar. Þá er bent á að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Tillögurnar hafa ekki enn hlotið málsmeðferð og því ekki verið samþykktar en Umhverfisstofnun vill benda á að Melrakkaslétta er á tillögu NÍ. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar upplýsingar um tillögunasvæðin séu hafðar til hliðsjónar þegar áhrif á helstu umhverfisþáttum eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að líklegt sé að neikvæð áhrif af fiskeldinu á náttúrufar svæðisins verði á jarðmyndanir og fuglalíf. Þá kemur fram að eins og tillögur um framkvæmdarsvæðið eru settar fram hefur það að mati stofnunarinnar ekki áhrif á helstu jarðmyndanirnar á svæðinu. Þá telur stofnunin að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum af þeirri starfsemi sem þar verður að því tilskyldu að ráðist verði í viðeigandi mótvægisáðgerðir s.s. vernd jarðminja.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þegar ekið er eftir Sléttuvegi til suðurs eða norðurs komi fyrirhugaðar byggingar og mannvirki fiskeldisstöðvar til með að sjást. Til að milda sýnileg áhrif eru settir skilmálar í deiliskipulagi hvað varðar hæð, útlit og litaval bygginga. Þrátt fyrir þessa skilmála verða mannvirki fiskeldisstöðvar nokkuð sýnileg úr næsta nágrenni. Um er að ræða atvinnusvæði en norður af framkvæmdasvæðinu eru bæði byggingar sem hýsa atvinnustarfsemi sem eru bæði með mænisþaki og bogapaki. Vegna þessa er ekki er talið að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar verði neikvæð og umfram þau sjónrænu áhrif sem þegar eru vegna núverandi atvinnustarfsemi.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð um að litaval og útlit bygginga verði á þann máta að þær falla vel að ásýnd og landslagi. Stofnunin bendir jafnframt á að við litaval á fóðursílóum hafi grár litur, dauf brúnn eða dauf grænn minnstu sjónrænu áhrifin miðað við staðsetningu framkvæmdar, í þessu tilviki, í landslagi með melum og söndum. Stofnunin telur að hvít fóðursíló séu líkleg til að skera sig úr og verða mjög sýnileg í landslaginu.

Menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt minjaskráningu muni aðeins einn minjastaður verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og er það meintur kálgarður. Vegna þessa eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar fiskeldisstöðvar á menningarminjar talin óveruleg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að í umsögn stofnunarinnar við deiliskipulagstillögu hafi komið fram að fara þurfi fram borkjarnarannsókn sem minjavörður sér um til að skera úr um aldur einnar fornleifar en sú rannsókn þarf að fara fram. Vegna þessa er með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við mögulegan minjastað nema að undangengnu samræði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eins og fram komi í umsögn Minjastofnunar sé einn mögulegur minjastaður í hættu vegna framkvæmda skv. deiliskipulagi, en um er að ræða meinta kálgarða sem þó er óljóst hvort falli undir lög um menningarminjar. Fyrirliggjandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að á umræddri lóð verði byggðir fjórir kerpallar. Framkvæmdin sem er til umfjöllunar í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu felur í sér að byggður verði einn kerapallur, sá syðsti af þeim fjórum skv. deiliskipulagi. Umræddur kálgarður er nyrst á hinu deiliskipulagða svæði og er því útilokað að honum verði raskað með umræddri framkvæmd. Ef niðurstaða Minjastofnunar eftir borkjarnarannsóknar sýnir að meintur kálgarður sé fyrir hendi og hann njóti friðunar þá verður brugðist við með breytingu á deiliskipulagi en það eins og áður segir hefur ekki áhrif á umrædda framkvæmd.

Gróður og fuglar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að framkvæmdasvæðið sé á Melrakkaslétu og því innan svæðis sem flokkist sem mikilvægt fuglasvæði skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt minnisblaði Náttúrufræðistofu Norðausturlands, sem gerði úttekt fuglalífi á svæðinu, er ljóst að framkvæmdir munu hafa umtalsverð áhrif á hettumáfs- og kríuvarp á framkvæmdasvæðinu. Ekkert er þó hægt að fullyrða um hvað gerist með kríuvarpið. Teljast verður fremur líklegt að

hettumáfar yfirgefi þennan varpstað, í ljósi þess að þeir eru nánast allir innan lóðarmarka. Áhrif framkvæmda á aðrar fuglategundir verða óveruleg. Hvatt er til þess að framkvæmdir fari ekki fram á varptíma, þ.e. milli 15. apríl og 15. ágúst.

Fram kemur að ráðandi vistgerðir innan svæðisins samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands séu Eyðimelavist, Fléttumóavist og Alaskalúpína en aðrar vistgerðir finnast í mun minna mæli. Verndargildi ríkjandi tegunda er ekki metið hátt og því eru áhrif uppbyggingar ekki talin hafa veruleg áhrif á vistgerðir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í úttekt Náttúrustofu Norðausturlands sé áhersla lögð á að vel sé gengið til verka varðandi umgengi á fóðri og úrgangi en það geti haft mjög slæmar afleiðingar ef fuglar komist í fóður eða lífrænan úrgang frá eldisstöðinni. Umhverfisstofnun tekur undir þessar ábendingar. Í greinargerð er tekið fram hvernig frárennsli muni vera háttað á svæðinu en stofnunin telur skorta nánari umfjöllun um hvernig komið verður í veg fyrir að fuglar komist í fóður á staðnum. Mikilvægt er að vöktun fari fram á því hvort fuglar komist í fóður eða í lífrænan úrgang frá starfseminni og að gripið verði til fyrirbyggjandi ráðstafana ef þess þyrfti. Umhverfisstofnun tekur undir með Náttúrustofu Norðausturlands um að mikilvægt sé að huga að hvaða tími árs henti best til ákveðinna framkvæmdafasa, t.d. jarðvinnu að vetri í stað vors og sumri. Einnig telur stofnunin mikilvægt að umferð og hávaða sé haldið í lágmarki á rekstrartíma til þess að sporna gegn truflun á fuglalífi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fóðurkerfi séu lokuð og því eigi fugl og vargur ekki að komast í fóðurleifar.

Í umsögn NÍ kemur fram að framkvæmdarsvæðið er inn á svæði sem flokkað hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði og að framkvæmdin mun hafa bein neikvæð áhrif á varp hettumáfs og kríu á svæðinu sbr. skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands. Kríuvarpið er að stærstum hluta norðan lóðarmarka en hettumáfsvarpið er allt innan þeirra og líklegt að það leggist af við framkvæmdirnar. Kríuvarpið í heild á Röndinni sé þó lítil hluti af heildarfjölda kría á Melrakkasléttu og leggur stofnunin til að lúpína á svæðinu verði beitt eða slegin til að skapa skilyrði fyrir kríu til að nýta þau svæði.

Vatnstaka

Fram kemur í framlögðum gögnum að með því að bora niður á 50-90 m dýpi sé hægt að komast í 14-15°C heitan jarðsjó undir 40-50 cm þykku ferskvatnslagi. Með þessari aðferð er verið að taka upp jarðsjó út neðri vatnslögum án þess að snerta ferskvatnslagið. Borun eftir jarðsjó ætti ekki að hafa áhrif á grunnvatn á svæðinu

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að ekki sé lagt mat á gæfni jarðlaga eða getu geymis til að viðhalda hitastigi óháð nýtingu í greinargerð framkvæmdaraðila. Mikilvægt sé að fram fari greining og mat á viðkomandi auðlind.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ætlunin sé að fóðra holur niður á 50 m dýpi og dæla sjónum neðan 50 m. Fyrirtækið Alvarr hafi prófað og mælt núverandi holur ásamt því að hafa borað rannsóknarholu. Reyndust jarðlög sprungin og lekt mikil. Merki um seltu byrja að sjást á um 30-35 m dýpi og sjór fullsaltur á um 50 m dýpi. Í svörum framkvæmdaraðila segir að dæling af þeirri stærðargráðu sem sé fyrirhuguð komi ekki til með að hafa áhrif á ferskvatnsbúskap á svæðinu.

Áhrif á villta fiska

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í fiskeldisstöðinni er gert ráð fyrir tvöföldu varnarkerfi til að koma í veg fyrir að seiði sleppi. Annars vegar stálist við útfall vatns úr kari og hins vegar síun í gegnum tromlufiltera.

Fram kemur í umsögn náttúrufræðistofnunar Íslands að stofnunin leggist almennt gegn sjókvíaeldi með frjóum kynbættum laxi af framandi tegund, Saga stofni, sem rekstur þessarar landeldisstöðvar byggir á. Stofnunin telji hinsvegar að eldi á þessu svæði sem afmarkaða einingu sem ekki valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum ef tryggt verði að seiði sleppi ekki til sjávar.

Fram kemur í umsögn Fiskistofu að hún telji óverulegar líkur á að seiði sleppi frá stöðinni. Þá séu ekki miklar líkur á að sjúkdómasmit eða sníkjudýr geti borist frá stöðinni og haft áhrif á viðkomu villtra stofna. Fiskistofa bendir jafnframt á að allar framkvæmdir sem eru nær veiðivatni en 100 metra eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33 gr. laga nr. 61/2006.

Mengun sjávar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt markmiðum laga um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu viðmið vera mælanleg svo hægt sé að meta vistfræðilegt ástand vatnshlota. Þá telur stofnunin, að því gefnu að viðmiðunarmörk séu virt, að ekki séu líkur á viðtaki verði fyrir miklum áhrifum af framkvæmd en minnir jafnframt á að við útgáfu starfsleyfis þarf að liggja fyrir vöktunaráætlun.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 og samþykkt deiliskipulag. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Norðurlands skv. skipulagslögum auk byggingarleyfis Norðurlands skv. mannvirkjalögum, starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Þá eru framkvæmdin háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða seiðaeldisstöð á landi með um 2000 tonna framleiðslu á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. tl. 1.11 og. 10.23 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Gert er ráð fyrir að framleiða allt að 2.000 tonn af seiðum á ári. Því er umfang fyrirhugaðar framleiðslu töluvert. Þó ber að hafa í huga að um er að ræða áframeldi á seiðum og seiði sem koma inn í stöðina hafa náð um 70 g þyngd. Þá er um svokallaða endurnýtingastöð að ræða sem nær allt að 70% endurnýtingu á vatni þar sem volgur jarðsjór er nýttur til að flýta fyrir vexti seiða. Því er eldisstöðin minni að umfangi en framleiðslumagn segir til um ásamt því að nýting náttúruauðlinda, þ.e. grunnvatns, er minni en ef um gegnumstreymisstöð væri að ræða.

Gert er ráð fyrir að um 60 tonn af uppleystum næringarefnum berist til sjávar árlega um lögn eða stökk sem mun ná allt að 5 m út fyrir stórstraumsfjöru eða 20 m út frá stórstraumsfjörumörkum. Viðtakinn er Öxarfjörður sem er stórt vatnshlot og vel opið fyrir öldu. Vatnshlotið er ekki talið í hættu. Í starfleyfi verða skilgreind viðmið um magn uppleystra næringarefna í viðtaka. Með hliðsjón af umsögn Umhverfisstofnunar telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennslis á viðtaka verði minniháttar.

Við eldið eru alin seiði af norskum uppruna. Sleppi seiði frá stöðinni er mögulegt að þau leiti í ár og blandist þar villtum stofnum. Með hliðsjón af sleppivörnum stöðvarinnar og umsögn Fiskistofu telur Skipulagsstofnun litlar líkur á að seiði sleppi úr stöð með frárennslis. Þegar seiði eru tilbúin til útsetningar er þeim dælt um slöngu í brunnbát. Um er að ræða algenga aðferð við afhendingu seiða og ekki eru þekkt dæmi um að seiði hafi sloppið hérlendis við dælingu í brunnbát. Skipulagsstofnun telur engu að síður ekki hægt að útiloka slys við dælingu og því mikilvægt að bestu starfsvenjum sé fylgt og að í rekstrarleyfi sé kveðið á um verklag og útbúnað til að varna slysasleppingum við dælingu í brunnbát.

Sem fyrr segir er fyrirhugað að afla jarðsjós úr borholum til eldisins. Gert er ráð fyrir að vatnstaka verði um 200 l/sek að meðaltali á ári. Samkvæmt mælingum eru jarðlög sprungin og lekt mikil. Vatnsból Kópaskers var áður við Snartarstaðalæk, skammt frá fyrirhuguðu fiskeldi. Vatnsbólið var síðar fært vegna þess að vatn úr Snartarstaðalæk þótti ekki nothæft sökum efnainnihalds¹. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að vinnsla jarðsjós komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en telur samt sem áður þörf á því að í nýtingarleyfi verði kveðið á um vöktun á grunnvatni og viðbrögð verði áhrif meiri en gera má ráð fyrir.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, meðal annars með tilliti til landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 537 á náttúruminjaskrá. Forsendur verndunar eru jarðmyndanir. Svæðið er nokkuð raskað vegna fyrri framkvæmda. Sjávarbakki og jökulruðningur verða utan lóðar eldisstöðvar. Núverandi vegslóði liggur yfir sjávarbakka og er áformað að byggja hann upp að hluta. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif uppbyggingar vegslóða minniháttar. Með hliðsjón af framansögðu og umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á jarðminjar eða raski verndargildi svæðisins.

Melrakkaslétta er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði. Innan framkvæmdasvæðis er kríuvarp ásamt því að hettumáfur verpir á jaðri framkvæmdasvæðis. Framkvæmdir munu því óumflýjanlega hafa áhrif á fugla en að mati Skipulagsstofnunar teljast þau ekki umtalsverð. Mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur boðað varðandi fuglalíf eru að einhverju leiti til þess fallnar að draga úr áhrifum. Telur stofnunin mikilvægt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um að framkvæmdir fari fram utan varptíma.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmda

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

¹ Þóroddur F. Þóroddsson og Þórólfur H. Hafstað (1980). Varðandi neysluvatnsmál á Kópaskeri. Orkustofnun.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á viðtaka, neikvæðum áhrifum á fuglalíf auk mögulegra áhrifa á grunnvatn. Líkt og fyrr segir telur Skipulagsstofnun að áhrif á framangreinda umhverfisþætti séu líkleg til að vera minniháttar. Mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur boðað varðandi fuglalíf eru að einhverju leiti til þess fallnar að draga úr áhrifum. Vöktun og ákvæði í starfsleyfi og nýtingarleyfi ættu að tryggja að áhrif vegna mengunar og grunnvatnsvinnslu verði í lágmarki og að mögulegt verði að draga úr áhrifum reynist þau yfir mörkum í starfsleyfi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. október 2020.

Reykjavík, 21. september 2020.


Egill Þórarinnsson


Tinna Jónsdóttir